

Fréttabréf Garðasels

Október 2021



Umferðardagar



Umferðardagar 5. -7. október

Þessa daga verður lögð áhersla á gangbrautir, umferðarljós og endurskin. Öryggi barna í umferðinni skiptir alla miklu máli og því betur sem börnin kunna á umhverfi sitt því betra.

Fullorðnir eru bestu og mestu fyrirmyndir barna í umferðinni og þau læra af því sem þau sjá og heyra hverju sinni.

Foreldraviðtöl í október

Fyrri foreldrasamtöl skólaársins eru vikurnar 25. október til 5. nóvember. Umsjónarkennarar barna munu gefa foreldrum kost á símaviðtölum, TEAMS- samtölum eða samtölum hér í skólanum. Samtölin fara fram á þeim dögum sem viðkomandi kennarar eiga undirbúningstíma en reynt verður að koma til móts við foreldra um hentugan tíma.



Haustkólinn 2021

Nú er komið að Haustskólanum árið 2021 en þá fara elstu börnin í þann grunnskóla, sem þau munu fara í að lokinni leikskólagöngu sinni. Hluti af 1. bekkungum í Grundaskóla koma yfir í Garðasel á meðan hópurnir hédan fer þangað. Líf og fjör framundan 😊

- Haustskólinn í Grundaskóla **12. -14. október kl: 8.30- 11.00**
- Haustskólinn í Brekkubæjarskóla **25. -27. október kl: 8.30-11.00**

Læsi í leik og starfi – í skólanum og heima

Deildir eru sérlega duglegar að vinna með læsið í fjölbreyttri mynd í gegnum Lubba- verkefnið, merkingar í umhverfinu og að gera ritmálið sýnilegt. Lubbaverkefnið er tengt heim þar sem barnið velur sér bók, les hana með foreldrum sínum og velur sér orð sem byrjar á staf vikunnar 😊 Foreldrar hafa verið mjög virkir í þessu verkefni sem er frábært og börnin njóta góðs af því.



Lestur bóka með börnum er ljúf stund sem færir okkur tækifæri til að spjalla, velta fyrir okkur orðum og innihaldi og oftast bætist við reynsla barna og upplifun.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Unnið er með Vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti. Garðasel er hluti af því eikskólasamfélagi sem vinnur með þetta forvarnarverkefni. Mikilvægt er að leggja grunninn að góðum samskiptum snemma og í leikskóla fer fram mikilvæg félagsmótun, sem fylgir börnunum áfram í grunnskólann og út í lífið.



Yngstu börnin á Lóni hafa fengið bangsann Blæ, sem er þeirra eign og besti vinur. Blær fylgir börnunum á milli deilda og fer síðan heim með þeim í lok leikskólagöngunnar.




Ég vil eiga vini og því
þarf ég að vera góður vinur

**Ræðum um vináttu við börn og hvernig góður vinur er
– það er öllum mikilvægt að eiga vini -**

Vökudagar framundan

Hinir árlegu Vökudagar á Akranesi verða 28. október – 7. nóvember og rætt hefur verið um að tengja Barnamenningahátíð Akraness við þennan árlega viðburð. Ekki liggur ljóst fyrir hver dagskráin verður eða hvaða viðburðir tengjast börnum. Við í Garðaseli munum taka þátt eins og



Fatnaður barna

Nú þegar veðrið fer að minna á sig með alls konar veðrabrigðum yfir daginn og milli daga er mikilvægt að börnin hafi útfatnað sem hæfir veðri til að geta tekið þátt í útivistinni. Foreldrar eru beðnir að taka heim í lok dags það sem er blautt eða óhreint.

Merkingar eru mikilvægar ef fatnaður fer á flakk – illa hægt að rekja það sem er ómerkt eða er merkt með nafni annars en barnsins.

Símanúmer skólans

- skóli 433-1240
- Lón 433-1243
- Holt 433-1244
- Vík 433-1245

